

**3. fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða haldinn í Sauðfjársetrinu á Ströndum, Sævangi, Strandsbyggð, Miðvikudaginn 28. febrúar 2024 kl 11.00.**

**Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Árný Haraldsdóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Finnur Ólafsson, Jón Sigmundsson, Kristján Þór Kristjánsson, Matthías Lýðsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Vilberg Þráinsson.**

Forföll boðuðu Aníta Björk Pálínudóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Arnlín Óladóttir, Baldur Smári Einarsson, Guðlaugur Jónsson, og Jón Árnason og Eva Sigurbjörnsdóttir boðuði forföll vegna ófærðar.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn, annarsvegar frá Vestfjarðastofu þau Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, Hjörleifur Finnsson verkefnastjóri umhverfis og loftlagsmála, Magnea Garðarsdóttir, verkefnastjóri Sóknaráætlunar Vestfjarða og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi Urbana ehf, Héðinn Unnsteinsson stjórnsýslufræðingur, Urbana ehf, Hlynur Torfason skipulagssérfræðingur, VSÓ ráðgjöf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur, VSÓ ráðgjöf.

Auk þessa sat fundinn Magnús Ingi Jónsson sem áheyrnarfulltrúi fyrir Bolungarvíkurkaupstað.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

1. Formaður svæðisskipulagsnefndar opnar fundinn
  2. Ráðgjafateymi kynnir sig
  3. Um framkvæmd svæðisskipulags
  4. Sjónarmið sveitarfélaga til svæðisskipulags
  5. Samhæfing sóknaráætlunar og svæðisskipulags
  6. Samhæfing svæðisskipulags og sóknaráætlunar
- Hlé
7. Umræður / vinnulotur um næstu skref
  8. Samantekt

Gengið til dagskrár

1. Formaður svæðisskipulagsnefndar opnar fundinn

Formaður bauð nefndarmenn velkomna til fundar, starfsmenn Vestfjarðastofu og nýráðna ráðgjafa nefndarinnar frá VSÓ ráðgjöf og Urbana ehf. Vænti hún góðs samstarfs í þeirri vegferð sem hér er hafin með ráðningu skipulagsráðgjafa á grundvelli útboðs Ríkiskaupa. En niðurstaða útboðsins var staðfest þann 2. febrúar s.l. með töku tilboðs VSÓ ráðgjafa í samstarfi við Urbana ehf.

2. Ráðgjafateymi kynnir sig

Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi og Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur frá Urbana ehf og Hlynur Torfi Torfason, skipulagssérfræðingur og Herdís Sigurgrímsdóttir, stjórnsýslusérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf, kynntu sitt fagsvið og fyrri vinnu að álíka verkefnum.

### 3. Um framkvæmd svæðisskipulags.

Hrafnkell kynnti svæðisskipulagsgerð á Íslandi í fortíð og nútíð, ramma reglugerðar og laga og markmið sveitarfélaga með gerð svæðisskipulagsog. Hann vék síðan að framkvæmd svæðisskipulags á Suðurnesjum og Austurlandi og hvaða aðferðarfræði svæðisskipulag myndi henta við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða. Vísast að öðru leyti til kynningarglæra.

Til máls tóku, Bragi, Lilja,

### 4. Sjónarmið sveitarfélaga

Fulltrúar í svæðisskipulagsnefnd kynntu væntingar og áherslur sinna sveitarfélaga til svæðisskipulagsgerðar. Til máls tóku, Anna Vilborg, Lilja, Kristján, Sigríður Júlía, Magnús, Ástrós, Finnur, Jón, Matthías, Vilberg og Bragi.

Vísast til minnispunkta um þeirra innlegg.

Formaður þakkaði innlegg sveitarfélaganna

### 6. Samhæfing svæðisskipulags og sóknaráætlunar

Hrafnkell þakkaði innlegg sveitarfélaga sem yrði unnið úr síðar á fundinum og framhaldi hans. Mikilvægt væri í upphafi nú við gerð lýsingar skipulagsins, að ná að fastsetja atriði sem sveitarfélögin væru sammála um og eiga þá rými fyrir umræðu um önnur atriði.

Hann vísaði til yfirskrift svæðisskipulagsins samkvæmt ályktun fjórðungsþings og úr viðauka 3 með útboði (Stefnuskjöl og gögn), þar sem væri yfirlit yfir gögn er væru tiltæk og varða samfélags og atvinnumál á Vestfjörðum og síðan þá áherslu á samspil svæðisskipulags við gildandi áætlanir.

Hann fór yfir framkvæmdaáætlun skipulagsvinnu, áfanga, tímasetningar o.fl., og mikilvægi gagnvirka samskipta nefndarmanna við sínar sveitarstjórnir á vinnutíma skipulagsins.

Hann fór yfir mikilvægi samspils við mótnun nýrrar Sóknaráætlunar Vestfjarða og gerð svæðisskipulagsins. Vinnu við sóknaráætlun yrði að ljúka á þessu ári en vinnu við svæðisskipulag væri áætluð á þessu ári og hinu næsta með staðfestingu í apríl 2026. Hann sagði sig sammála þeirri nálgun sem kynnt hefði verið í útboðsgögnum, að svæðisskipulag yrði með tímanum regnhlíf fyrir aðrar áætlanir, áætlanir sem hefðu það hlutverk að leiða í framkvæmd framtíðarsýn svæðisskipulagsins. Svæðisskipulag Austurlands væri ákveðin fyrirmynd í þessum efnunum.

Héðinn. Fór yfir er mismunandi eðli sóknaráætlunar og svæðisskipulags en um leið mikilvægi að innhald þeirra og ekki síst samspili við mótnun þeirra. Lagði áherslu á að hér væri verið að skapa farvegi fyrir sameiginlegan ásetning fjórðungsins í samstarfi innan hans og málefnum sem sveitarfélögin beindu að stjórnvöldum. Hér væri um langhlaup að ræða þar sem sýna yrði staðfestu til að ná að hnika málum í þá átt sem vilji sveitarfélaganna stæði til.

Formaður tók til umræðu hvernig má samtvinna við vinnu önnur verkefni á Vestfjörðum þ.e. svæðisáætlun í úrgangsmálum og loftlagsmálum sem Fjórðungsþing Vestfirðinga hefði ályktað um og vinna væri hafin að.

Til máls tók Hjörleifur, en hann stýrir framkvæmd tilgreindra verkefna.

Formaður óskaði eftir sjónarmiðum annarra starfsmanna Vestfjarðastofu nú við upphaf vinnu svæðisskipulags. Til máls tóku Aðalsteinn, Sigríður og Magnea.

Hádegisverðarhlé kl 12.30 til 13.15

7. Umræður / vinnulotur um næstu skref

Herdís kynnti hugmynd og óskaði eftir umræðu að málaflokkum skipulagsvinnunar, byggt á þeim gögnum sem lögju fyrir; **Atvinna og nýsköpun, Samgöngur og innviðir. Samfélag. Menning og ferðaþjónusta. Umhverfi og loftlag.**

Til máls tóku Finnur, Hjörleifur, Héðinn, Sigríður, Lilja, Kristján, Árný og Matthías

Í lok umræðu var mótuð vinnslutillaga að málaflokkum sem unnið yrði með í hópastarfi á fundinum, tillagan er sem hér segir;

**Auðlindir og nýsköpun. Innviðir. Færni og velferð. Menning og upplifun. Umhverfi og loftlag.**

8. Samantekt

Hrafnkell kynnti að í framhaldi fundarins yrði unnið úr efni hans til mótunar tillögu að lýsingu svæðisskipulags og óskað viðbragða nefndarinnar.

Í samráði við formann yrði valin dagsetning næsta funda nefndarinnar upp úr miðjum mars n.k.. Á fundinum verði tillaga að lýsingu yrði afgreidd og miðað við að hún komi til kynningar á 69. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að vori, þann 10. apríl n.k.. Tillagan fari síðan til afgreiðslu í sveitarstjórnnum. Gangi þessi tímaáætlun eftir megi gera ráð fyrir að hægt verði að kynna lýsingu fyrir hagaðilum og á opnum fundum í lok maí n.k. og staðfestingu Skipulagsstofnunar í framhaldinu.

Formaður þakkaði nefndarmönnum, ráðgjöfum og starfsmönnum fyrir setu á fundinum og þátttöku í vinnuhópum og sleit fundi kl 15.00.